

**Samkomulag aðlögunarnefndar
Háskóla Íslands og Félags háskólakennara
um forsendur röðunar starfa við stofnunina skv. ákvæðum
kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 9. júní 1997**

**Að teknu tilliti til breytinga sem gerðar hafa verið frá undirskrift
aðlögunarsamnings þann 30. september 1997 miðað við 17. maí 2000**

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til þeirra félagsmanna í Félagi háskólakennara sem starfa við Háskóla Íslands og stofnanir hans. Undir það falla starfsmenn við kennslu, rannsóknir, þjónusturannsóknir og stjórnsýslu. Samkomulagið er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 9. júní 1997, sbr. 3. gr. hans og fylgiskjal 1.

2. Grunnröðun

Við upphaf starfs skal taka tillit til eðlis starfsins og starfsmanni raðað í ramma í samræmi við það. *Við upphaf ráðningar eru félagsmenn með rannsóknaskyldu metnir til stiga samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands.*²

i) Stjórnsýsla og þjónusturannsóknir:

- A - Aðstoðarmaður
- B - Sérhæfður starfsmaður s.s. verkefnisstjóri og *stundakennari á föstum launum (sbr. ákv. samráðsnefndar þann 20/3 2000)*
- C - Millistjórnandi s.s. skrifstofustjóri og deildarstjóri
- D - Yfirstjórnandi s.s. framkvæmdastjóri og forstöðumaður

ii) Kennsla og rannsóknir þar sem sjálfstæðar rannsóknir eru a.m.k. 40% starfsins:

- B- Lektor/sérfræðingur - *raðast að lágmarki í B-04 frá 1. janúar 2000¹*
- C- Dósent/fræðimaður - *raðast að lágmarki í C-04 frá 1. janúar 2000¹*
- D- Vísindamaður - *raðast að lágmarki í D-07 og D-08 frá 1/1 1999 og í D-09 frá 1/1 2000¹*

Í sérstökum tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt með samkomulagi í samstarfsnefnd (samráðsnefnd háskólaráðs og Félags háskólakennara) að raða honum í ramma B, C eða D.

Raða skal í launarim í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum ef unnt er. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi *vísireglu* gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis.

3. Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu

Um er að ræða störf þar sem sjálfstæðar rannsóknir nema a.m.k. 40% af grunnþætti starfs. Með rannsóknum er hér átt við að starfsmaður beiti kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

3.1 Flutningur milli ramma (starfsheita)

3.1.1 Framgangur lektors/sérfræðings í starf dósents/fræðimanns:

Lektor/sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf dósents/fræðimanns ef hann fullnægir skilyrðum samkvæmt samningi þessum og dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda.

3.1.2 Framgangur dósents/fræðimanns í starf prófessors/vísindamanns:

Dósent/fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf prófessors/vísindamanns ef hann fullnægir skilyrðum samkvæmt samningi þessum og dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda.

3.2 Forgangsröðun starfsþátta

Mat skal byggjast á fjórum meginþáttum. Þeir eru í þessari röð að jafnaði:

- Rannsóknir
- Kennsla og/eða sérfræðistörf
- Stjórnun
- Önnur störf

Rannsóknþáttur starfs skal metinn þannig, að hlutfallslegt vægi sjálfstæðra rannsókna verði ýmist 40, 60, 80 eða 100 prósent.

Matsreglur frá 1. janúar 2000²

Eftirtalin atriði eru metin til stiga:

Kennsla. Metin er kennslureynsla, svo og sérstakt framlag til uppbyggingar kennslu, gerð kennsluefnis og leiðbeining nemenda í framhaldsnámi.

Rannsóknir. Eftirfarandi atriði eru m.a. metin: Fjöldi vísindalegra ritsmíða og í hvers konar ritum þau eru birt, fjöldi tilvitnana, þátttaka og virkni í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og fleira.

Stjórnun. Metin eru stjórnunarstörf innan háskóla sem ekki teljast til hefðbundinna skyldustarfa, t.d. formaður námsbrautar eða skorar, forstöðumaður rannsóknarstofu eða stofnunar, deildarforseti, rektor.

3.3 Stigagjöf fyrir starfsþætti

Deild/stofnun og dómnefndum er heimilt að nota stigagjöf við mat á starfsþáttum. Deild/stofnun er heimilt að breyta vægi milli einstakra starfsþátta og getur góður árangur í einum þætti komið í stað annarra þátta. Röðun í rim innan ramma ákvarðast af heildarstigafjölda.

3.4 Viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Viðmiðunarkröfur um stigafjölda sem er forsenda flutnings milli rima innan ramma. Við flutning á milli ramma eru gerðar sérstakar kröfur um rannsóknarstig miðað við 40% rannsóknarskyldu fyrir kennara og hjá öðrum eftir þeirri rannsóknarskyldu sem fram kemur í ráðningarsamningi (40% - 80%).

Frá 1.12.1997 gildir eftirfarandi stigatafla:

Rammi B: 20 -

B1 - B7: 40 stig milli rima

B7 - B11: 60 stig milli rima

Rammi C: 200 - þar af 80/160 rannsóknarstig (40%/80%)

C1 - C6: 60 stig milli rima

C6 - C11: 80 stig milli rima

Rammi D: 300 - þar af 120/240 rannsóknarstig (40%/80%)

D1 - D5: 100 stig milli rima

D5 - D16: 160 stig milli rima

Frá 1.9.1998 gildir eftirfarandi stigatafla:

Rammi B: 20 -

B1 - B7: 20 stig milli rima

B7 - B11: 30 stig milli rima

Rammi C: 200 - þar af 80/160 rannsóknarstig (40%/80%)

C1 - C3: 30 stig milli rima

C3 - C6: 60 stig milli rima

C6 - C11: 80 stig milli rima

Rammi D: 300 - þar af 120/240 rannsóknarstig (40%/80%)

D1 - D5: 80 stig milli rima

D5 - D16: 120 stig milli rima

Frá 1.2.1999 til 31.12.2000 gildir eftirfarandi stigatafla:

Rammi B: 20 -

B1 - B7: 20 stig milli rima

B7 - B11: 30 stig milli rima

Rammi C: 200 - þar af 80/160 rannsóknarstig (40%/80%)

C1 - C6: 30 stig milli rima

C6 - C11: 40 stig milli rima

Rammi D: 300 - þar af 120/240 rannsóknarstig (40%/80%)

D1 - D5: 50 stig milli rima

D5 - D16: 80 stig milli rima

Við flutning milli ramma skal starfsmaður aldrei raðast neðar í launatöflu 1.1.1. í kjarasamningi en hann var fyrir flutninginn. ***Laun starfsmanns skulu aldrei vera lakari í efri ramma en hann hefði í neðri ramma (sbr. úkvörðun samráðsnefndar þann 12/2 1999).***

Frá og með 1. janúar 2000 grunnraðast lektorar, sérfræðingar, dósentar og fræðimenn í launarimar samkvæmt neðangreindri töflu. Stig eru metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands.²

Lektor/sérfræðingur:	B01	B02	B03	B04	B05	B06	B07	B08	B09	B10	B11			
Dósent/fræðimaður:				C01	C02	C03	C04	C05	C06	C07	C08	C09	C10	C11
Heildarstig fyrir rim:	20	40	60	80	100	120	140	165	190	220	250	290	330	370

3.4.2 Vísindamenn³

3.4.1.1 Laun vísindamanna

Frá og með 1. janúar 2000 er vísindamönnum greidd laun samkvæmt 5 launarimum og raðast þeir í þær samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands.² Gert er ráð fyrir mismunandi rannsóknarskyldu vísindamanna. Nýir vísindamenn eru metnir í launarim að loknum hæfnisdómi hjá dómnefnd.

Tafla 1: Vísindamaður með 40% rannsóknarskyldu þarf að lágmarki:

Vísindamaður	Launarim	Rannsóknarstig	Önnur stig	Heildarstig
I	D09	120	40	200
II	D10	270	100	400
III	D11	400	120	600
IV	D13	550	175	900
V	D14	750	225	1200

Tafla 2: Vísindamaður með 60% rannsóknarskyldu þarf að lágmarki:

Vísindamaður	Launarim	Rannsóknarstig	Önnur stig	Heildarstig
I	D09	160	20	200
II	D10	335	50	400
III	D11	500	60	600
IV	D13	725	90	900
V	D14	975	115	1200

Tafla 3: Vísindamaður með 80% rannsóknarskyldu þarf að lágmarki:

Vísindamaður	Launarim	Rannsóknarstig	Heildarstig
I	D09	200	200
II	D10	400	400
III	D11	600	600
IV	D13	900	900
V	D14	1200	1200

3.4.3 Rannsóknarskýrsla³

Vísindamaður skilar rannsóknarskýrslu í febrúar ár hvert og miðast hækkun launa vegna mats við 1. maí sama ár.

3.5 Stig fyrir rannsóknarstörf

- Kandidats- eða meistaraþrófsritgerð 10 - 20
- Doktorsritgerð 25 - 60
- Ritsmíði í fagriti eða tímariti 10 - 20
- Bók eða bókarkafli um fræðilegt efni:
 - Bókarkafli eða smárit 3 - 20
 - Veigamikil fræðirit eða bók 15 - 60
- Þróunarverkefni 3 - 30
- Önnur verk s.s. skýrslur af ýmsu tagi 2 - 6

Stigamatskerfið um mat á vísindaritum ber að skoða sem almenna viðmiðun. Meta skal einstök verk, ritverk eða önnur, hærra eða lægra, eftir því hvert vísindagildi þau teljast hafa eða annarra þátta sem dómnefnd metur mikilvæga enda séu færð fyrir því rök hvers vegna viðmiðunarmörk séu ekki nægjanlega rúm. Séu höfundar ritsmíða fleiri en einn verður að meta hlut viðkomandi starfsmanns í rannsóknarvinnu og gerð ritsmíðarinnar. Fyrst og fremst skulu metin útgefin rit (prentuð eða fjölrituð) og ritgerðir í viðurkenndum tímaritum, innlendum og erlendum. Heimilt er að leggja til grundvallar við matið óútgefin ritverk, álitsgerðir, ritgerðir og áfangaskýrslur. Heimilt er að meta þróunar- og hönnunarverkefni. Þar má m.a. nefna álitsgerðir, skýrslur, framvinduskýrslur og útdrætti á ráðstefnum. Slík rit skal þó að jafnaði meta mun minna en fyrirnefndar ritsmíðar.

Oft eru sérfræðistörf þess eðlis að árangur af þeim kemur ekki fram í birtingarhæfu efni og/eða að birt efni er ekki auðkennt höfundum sínum þannig að unnt sé að meta framlag einstaklinga hvers fyrir sig. Leggja skal sérstakt mat á slík verk og hlut starfsmanna í þeim.

Frá og með 1. janúar 2000 gilda eftirfarandi matsreglur:²

A. Rannsóknir

Birt verk:

Prófrítgerðir.

Kandidats- eða meistaraþrófsrítgerð	15 stig
Doktorsnámsrítgerð	30 stig
Doktorsrítgerð hin meiri	45 stig

Bækur

Bók, fræðirit þar sem kemur fram ný þekking á fræðasviði, þar sem beitt er vísindalegri aðferðafræði, sem hefur haft áhrif í vísindasamfélaginu	10-60 stig
---	------------

Greinar í fræðiritum

Grein birt í alþjóðlegu viðurkenndu tímariti (þ.e. Science Citation Index, Social Science Citation Index og Arts/Humanities Citation Index)	15 stig
Grein birt í öðru fræðiriti (ekki nefnd í SCI, SSCI, AHCI)	10 stig

Ritgerðir í ritrýndum ráðstefnuritum

Kafl í ritrýndu ráðstefnuriti	10 stig
Bókarkafli	10 stig

Matsreglur frá 1. janúar 2000.²

Annað

Skýrsla, fræðileg	0-5 stig
Álitsgerð	0-3 stig
Útdráttur, ritrýndur	1 stig
Ritdómur	1-2 stig
Fræðslurit fyrir almenning	5-10 stig
Erindi á vísindaráðstefnum	3 stig
Veggspjald á ráðstefnu	2 stig

Þegar fleiri en einn höfundur er að grein eða bók reiknast stig á eftirfarandi hátt:

2 höfundar	1,5 x stig / 2
3 höfundar	1,8 x stig / 3
4 höfundar	2,0 x stig / höfundafjöldi

Áhrif/viðurkenning

Tilvitnanir, sem getið er um í SCI, SSCI, eða AHCI eru metnar til stiga á eftirfarandi hátt:

Fyrstu 10 tilvitnanir	1 stig fyrir tilvitnun.
Næstu 20 tilvitnanir	0,5 stig fyrir tilvitnun
Tilvitnanir umfram 30	0,2 stig fyrir tilvitnun

Fyrirlestrar

"Plenum" fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu	10 stig
Erindi í boði háskóla eða vísindaakademíu eða inngangsfyrirlestur á ráðstefnu ("keynote")	5 stig

Störf í ritnefndum vísindatímarita

Ritstjóri	3 stig fyrir hvert ár
Í ritstjórn	2 stig fyrir hvert ár

3.6 Stig fyrir kennslustörf

Miðað er við að hvert kennsluár gefi 6 stig fyrir fulla kennslu. Telja má kennslu á háskólastigi áður en tekið var við fullu starfi og þá í hlutfalli við fulla kennslu. Ef kennt er umfram skyldu er gert ráð fyrir 1 stigi fyrir hverja 20 tíma yfirvinnu á mánuði að jafnaði á ári. Kennslurit, sem falla ekki undir grein 3.5, geta gefið 5-10 stig.

Kennslutækninámskeið verða metin til stiga samkvæmt ofansögðu (sbr. ákv. samráðsnefndar þann 2/11 1998.

Matsreglur frá 1. janúar 2000².

B. Kennsla

Kennslureynsla

Ráðning í akademískri kennslustöðu við háskóla	10 stig fyrir hvert ár
<i>Kennslutækninámskeið</i>	<i>1-2 stig (sbr. ákv. samráðsn. 29/6 '00)</i>

Kennslurit

Smárit til háskólakennslu	0-3 stig
Viðamikið kennslurit	10-60 stig

Leiðbeining nemenda

Við meistaraverkefni	4 stig
við doktorsverkefni	10 stig

Sérstök uppbygging á deild eða skor	25 stig
-------------------------------------	---------

3.7 Stig fyrir stjórnunarstörf

Til stjórnunar teljast nefndar- og stjórnunarstörf í þágu deildar/stofnunar eða Háskólans í heild jafnt á innlendum sem erlendum vettvangi. Meta skal til stiga umfangsmikil störf að stjórnun á vegum háskólans umfram almenna stjórnunarskyldu. Til viðmiðunar getur skorarformennska í 2 ár gefið 10 stig. Heimilt er að líta til stjórnunarstarfa í vísinda- og fræðafélögum og ritstjórnar. Viðamikil stjórnunarstörf vegna sérfræðistarfa við þjónusturannsóknir skal meta skv. 4. kafla.

Matsreglur frá 1. janúar 2000.²

C. Stjórnun

	10 stig fyrir hvert ár
Formaður skorar	
Formaður námsbrautarstjórnunar	10 stig fyrir hvert ár
Formaður í starfsnefndum háskólaráðs	10 stig fyrir hvert ár
Forstöðumaður rannsóknarstofu- eða stofnunar	10 stig fyrir hvert ár
Varadeildarforseti	10 stig fyrir hvert ár
Deildarforseti	50 stig fyrir hvert ár
Rektor	75 stig fyrir hvert ár
Seta í nefndum á vegum háskólaráðs eða rektors	2 stig fyrir hvert ár

3.8 Stig fyrir önnur störf

Til annarra starfa má telja verkefni fyrir ráðuneyti og aðrar opinberar stofnanir og fyrir erlendar vísindastofnanir; einnig samningu álitserða og námskeiðahald (endurmenntun) fyrir fólk með háskólapróf og almenning. Ýmis störf (t.d. ráðgjafarstörf, þjónustustörf sérfræðinga og stjórn rannsóknaverkefna) má meta á sama hátt.

Matsreglur frá 1. janúar 2000.²

D. Annað

	3 stig
Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu	
Seta í nefnd um úthlutun úr rannsóknarsjóði	3 stig
Seta í doktorsnefnd	3 stig
Seta í dómnefnd	2 stig

Matsreglur frá 1. janúar 2000.²

E. Þjónusta innan eða utan háskóla

Ákveða má stig fyrir þjónustu innan eða utan háskóla, sem ekki rúmast innan ofangreinds ramma, enda rökstyðji starfsmaður þá beiðni.

Vikja má frá matsreglum þessum, ef sérstaklega stendur á.²

4. Forsendur röðunar starfa í stjórnslu og við þjónusturannsóknir og stundakennslu á föstum launum (sbr. ákv. samráðsnefndar þann 20/3 2000)

4.1 A-launarammi

Almenn störf sem eru unnin undir ábyrgð og umsjón annarra.

Við mat á því hvernig starfinu er raðað innan launarammans skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni og því raðað á bilinu A1 - A7 samkvæmt:

- Starfsskipulagi og/eða skipuriti deildar/sviðs/stofnunar
- Umfangi starfs (t.d álagi eða þyngd verkefna)
- Ábyrgð

Þá skal tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem meta skal til allt að 7 rima. Við það mat skal sérstakt tillit tekið til menntunar sem nýtist í starfi, allt að 3 rimum. Þessir þættir geta verið:

- Hæfni (m.a. menntun, formleg og/eða óformleg)
 - * MA-/MS-próf (eða sambærilegt)
 - * Endurmenntun sem nýtist í starfi, símenntun
- Reynsla (bæði innan og utan stofnunar)
- Árangur og færni (skv. árangurs- og frammistöðumati)
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni

Ennfremur skal taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í viðkomandi starfi.

Um tímabundin verkefni sjá grein 5.2.

4.2 B-launarammi

Gert er ráð fyrir að starfsmenn geti sinnt störfum sem felast í umsjón og ábyrgð á sérstökum verkefnum og/eða verkefnisstjórn en undir ábyrgð og/eða umsjón annarra.

Við mat á því hvernig starfinu er raðað innan launarammans skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni og því raðað á bilinu B1 - B7 samkvæmt:

- Starfsskipulagi og/eða skipuriti deildar/sviðs/stofnunar
- Umfangi starfs (t.d álagi, þyngd eða sjálfstæði verkefna)
- Ábyrgð

Þá skal tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem meta skal til allt að 7 rima. Við það mat skal sérstakt tillit tekið til menntunar sem nýtist í starfi, allt að 3 rimum. Þessir þættir geta verið:

- Hæfni (m.a. menntun, formleg og/eða óformleg)
 - * MA-/MS-próf (eða sambærilegt)
 - * Doktorspróf (eða sambærilegt)
 - * Önnur sérþekking
 - * Endurmenntun sem nýtist í starfi, símenntun, ritstörf og fl.
- Reynsla (bæði innan og utan stofnunar)
- Árangur og færni (skv. árangurs- og frammistöðumati)
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Samstarfshæfni

Ennfremur skal taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í viðkomandi starfi.

Um tímabundin verkefni sjá grein 5.2.

4.3 C-launarammi

Um er að ræða störf þar sem starfsmenn bera faglega og rekstrarlega ábyrgð, annast verkumsjón, skipulagningu og stjórnun verkefna, veita sérhæfðar upplýsingar og faglegar leiðbeiningar. Gerðar eru kröfur um sjálfstæði og frumkvæði í starfi.

Við mat á því hvernig starfinu er raðað innan launarammans skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni og því raðað á bilinu C1 - C7 samkvæmt:

- Starfsskipulagi og/eða skipuriti deildar/sviðs/stofnunar
- Umfangi starfs (t.d. manna- og/eða fjárforráðum, álagi, þyngd eða sjálfstæði verkefna, fjölda nemenda og kennara)
- Ábyrgð
- Alþjóðasamstarfi
- Hvort starfsmaður er staðgengill yfirmanns

Þá skal tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem meta skal til allt að 7 rima. Við það mat skal sérstakt tillit tekið til menntunar sem nýtist í starfi, allt að 3 rimum. Þessir þættir geta verið:

- Hæfni (m.a. menntun, formleg og/eða óformleg)
 - * MA-/MS-próf (eða sambærilegt)
 - * Doktorspróf (eða sambærilegt)
 - * Önnur sérþekking
 - * Endurmenntun sem nýtist í starfi, símenntun
- Reynsla (bæði innan og utan stofnunar)
- Árangur og færni (skv. árangurs- eða frammistöðumati)
- Samstarfshæfni

Ennfremur skal taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í viðkomandi starfi.

Um tímabundin verkefni sjá grein 5.2.

Heimilt er að raða millistjórnanda með mikla ábyrgð eða sérhæfni í ramma D.

4.4 D-launarammi

Yfirstjórnendur bera rekstrarlega ábyrgð á stærri einingum og á stefnumótun stofnunar.

Við mat á því hvernig starfinu er raðað innan launarammans skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni og því raðað á bilinu D1 - D10 samkvæmt:

- Starfsskipulagi og/eða skipuriti deildar/sviðs/stofnunar
- Umfangi starfs (t.d. manna- eða fjárforráðum, álagi og þyngd verkefna)
- Ábyrgð (faglegri, rekstrarlegri og fleira)
- Alþjóðasamstarfi

Þá skal tekið tillit til einstaklingsbundinna þátta sem meta skal til allt að 7 rima. Við það mat skal sérstakt tillit tekið til menntunar sem nýtist í starfi, allt að 2 rimum. Þessir þættir geta verið:

- Hæfni (m.a. menntun, formleg og/eða óformleg)
 - * Formleg menntun
 - * Önnur sérþekking
- Reynsla (bæði innan og utan stofnunar)

Ennfremur skal taka mið af öðrum þáttum sem skipta máli í viðkomandi starfi.

Um tímabundin verkefni sjá grein 5.2.

5. Ýmis ákvæði

5.1 Réttur til endurmats á starfi og framgangur

Á grundvelli mats **og uppsafnaðra stiga (sbr. ákv. samráðsnefndar þann 2/11 1998)** skal færa starfsmenn milli rima innan ramma. Vegna þess skal deild/stofnun árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir rimahækkun frá þeim tíma. Við matið skal stuðst við kennslu og stjórnun liðsins háskólaárs og rannsóknir á liðnu almanaksári. *Vísindamenn skila þó rannsóknarskýrslu í febrúar ár hvert og miðast hækkun launa vegna mats við 1. maí sama ár sbr. gr. 3.4.3. (Frá og með 1/1 2000 er matið í umsjón rannsóknarsviðs Háskóla Íslands í stað deild/stofnun).*

Þegar sótt er um flutning milli ramma er gildistími hækkunar næstu mánaðamót eftir að umsókn hefur verið lögð fram enda uppfylli umsækjandi þá þær forsendur sem settar eru. Sama gildi þegar sótt er um endurröðun sbr. 1. mgr.

Telji starfsmaður að miðað við fyrirbyggjandi forsendur um röðun að honum sé ekki rétt raðað, á hann rétt á því að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar) samanber 11. kafla kjarasamnings (sbr. fskj. 2 með kjarasamningi).

5.2 Sérstakt tímabundið álag

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Gera skal viðbótarsamning við starfsmann sem tekur tímabundin verkefni að sér t.d. ákveðna verkefnastjórnun, formennsku í nefndum, tímabundið aukið stjórnunarálag umfram stjórnunarskyldu. Samningurinn getur falið í sér afslátt tiltekinnar vinnuskyldu svo sem kennslu eða 1-7 rima hækkunar eða sambland þessara leiða til þess að viðurkenna álagið. Hægt er að segja upp tímabundnum verkefnasamningi með þriggja mánaða fyrirvara.

Ef tímabundið verkefni hefur varað lengur en í 2 ár skal tímabundinn samningur verða ótímabundinn. Um uppsögn á slíkum ráðningarkjörum gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um *réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins*. Þetta ákvæði gildir ekki ef um tímabundið stjórnunarverkefni er að ræða sem kosið er til, s.s. skorarformennsku.

5.3 Ákvæði um endurskoðun

Aðilar eru sammála um að endurskoða, ef þörf krefur, ákvæði þessa samkomulags um röðun eftir reynslutíma en þó eigi síðar en 1. desember 1998.

5.4 Starfsmat og frammistöðumat

Aðilar eru sammála um að kanna sérstaklega hvort og þá með hvaða hætti er hægt að taka upp kerfisbundið starfsmat og frammistöðumat í ríkari mæli en gert er ráð fyrir í samkomulagi þessu til þess að koma á kynhlutlausu launakerfi og tryggja að starfsmenn fái laun í samræmi við menntun, sérhæfni, ábyrgð, álag og afköst.

6. Ákvæði til bráðabirgða

6.1 Ákvæði vegna umsókna um framgang

Þeir sem sótt hafa um framgang fyrir 1. desember 1997, skulu flytjast yfir í hið nýja launakerfi samkvæmt endanlegri ákvörðun um framgang, enda þótt ákvörðunin liggi ekki fyrir en eftir gildistöku nýs launakerfis.

6.2 Lágmarksákvæði um stigagjöf við flutning í nýtt launakerfi

Við flutning í nýtt launakerfi teljast starfandi kennarar og sérfræðingar hafa að lágmarki stig, sbr. 4.4, skv. eftirgreindri töflu:

lektor/sérfræðingur 1:	20 stig
lektor/sérfræðingur 2:	80 stig
dósent/fræðimaður 1:	200 stig
dósent/fræðimaður 2:	280 stig
dósent/fræðimaður 3:	400 stig
vísindamaður 1:	300 stig
vísindamaður 2:	450 stig

Við flutning milli launaramma (starfsheita) metur dómnefnd stig frá grunni.

Ofangreind stig fyrir vísindamenn eru einungis til bráðabirgða og verða endurskoðuð þegar úrskurður kjaranefndar um kjör prófessora liggur fyrir.

Reykjavík, 30. september 1997

F.h. Félags háskólakennara

F.h. Háskóla Íslands

Uppfært þann 13. júní 2000

¹ Sbr. samkomulag um breytingar á aðlögunarnefndarsamkomulagi þann 23/12 1999.

² Matsreglur fyrir Félag háskólakennara, vegna grunnmats félagsmanna í desember 1999. Reglurnar eru byggðar á fylgiskjali 1 með úrskurði kjaranefndar um launakjör prófessora, dags. 2. júlí 1998. Matsreglurnar tóku gildi 1. janúar 2000. Sjá einnig "Vinnureglur matshópa" og "Leiðbeiningar um framtal starfa" sem gilda frá 1. janúar 2000.

³ Breytingar á aðlögunarsamningum aðlögunarnefnda Raunvísindastofnunar Háskólans, Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í Meinafræði á Keldum og Háskóla Íslands og Félags Háskólakennara frá 30. september 1997. Breytingarnar eru byggðar á bráðabirgðaákvæði sbr. grein 6.2 og endurskoðunarákvæði í grein 5.3 með gildistímum 1. janúar 1999 og 1. janúar 2000.
